



LÖGMENN LAUGARDAL

Sveitarfélagið Hornafjörður,
b.t. formanns bæjarráðs,
Sæmundar Helgasonar,
Ráðhúsinu Hafnarbraut 27,
780 Hornafjörður

Reykjavík, 5. febrúar 2018

Málefni: Krafa Ice Lagoon ehf. um skaðabætur úr hendi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Vísað er til erindis undirritaðs til sveitarfélagsins dags. 14. sept. sl. Einnig er vísað til erindis Jóns Gunnars Ásbjörnssonar hdl. hjá Landslögum dags. 2. maí 2017. Hvorugu þessara erinda hefur verið svarað, þrátt fyrir boðuð svör sveitarfélagsins, sem m.a. vísaði málinu til afgreiðslu hjá Cato lögmonnum. Enginn þeirra kjörnu fulltrúa sem fengu erindið einnig sent persónulega hinn 14. september sl., hefur heldur svarað því.

Erindið er nú sent yður, m.a. með vísan til 32. gr. samþykktu sveitarfélagsins um stjórn og fundasköp sem staðfestar voru af Innanríkisráðuneytinu í maí 2013.

Líkt og rakið er í framangreindum erindum, hefur fjöldi ákvarðana, afgreiðslna og tálmana af hálfu sveitarfélagsins, valdið Ice Lagoon ehf. miklu tjóni á liðnum árum. Af því tilefni var leitað til Ernst & Young ehf., til að fá lagt mat á það tjón sem Sveitarfélagið Hornafjörður, Jökulsárlón Ferðaþjónusta ehf. og Vatnajökulsþjóðgarður hafa valdið félaginu á árunum 2010 til og með 2017, með ólögmetum ákvörðunum, tálmunum og samkeppnisbrotum.

Skv. meðfylgjandi mati Ernst & Yong ehf. dags. 25. janúar sl., áætlast fjárhagslegt tjón Ice Lagoon ehf. vegna framgöngu framangreindra aðila á tímabilinu, 223-273 millj. króna. Líkt og fram kemur í matinu eru forsendur þess afar jarðbundnar og byggja á traustum forsendum.

Fyrirsvarsmenn Ice Lagoon ehf. telja að Sveitarfélagið Hornafjörður beri fulla ábyrgð á tjóni félagsins, þar sem forsvarsmenn sveitarfélagsins hafa komið fram af þess hálfu, í því skyni að valda félaginu tjóni. Þá hafa allar umdeildar ákvarðanir sveitarfélagsins í garð Ice Lagoon ehf. verið dæmdar ólögmetar.

Í ljósi framanritaðs er hér með óskað eftir afstöðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar til greiðslu skaðabóta vegna framanritaðs og er fulltrúum sveitarfélagsins boðið til viðræðna um mögulegt samkomulag af því tilefni. Berist ekki viðbrögð við því boði innan 10 daga frá dagsetningu erindis þessa, verður næst leitað til dómstóla til að ná fram kröfum um skaðabætur á hendur Sveitarfélaginu Hornarfirði.


Komi til þess, áskilur félagið sér einnig rétt til að hafa uppi kröfur um greiðslu skaðabóta, persónulega á hendur einstaka fulltrúum sveitarfélagsins Hornafjarðar sem komið hafa að réttarbrotum gegn fyrirtækinu, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 412/2010.



LÖGMENN LAUGARDAL

Rétt þykir að fram komi, að Vatnajökulsþjóðgarði og Jökulsárlóni Ferðaþjónustu ehf., eru í dag send sambærileg erindi, enda verður að telja framangreint tjón afleiðingu af samverknaði allra þessara aðila.

Virðingarfyllst,
f.h. Ice Lagoon ehf.



Björn Þorri Viktorsson, hrl.

Hjálagt: 1) Minnisblað Ernst & Yong ehf. dags. 25. janúar 2018, vegna mats á tjóni.

Afrit:

Kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn Hornafjarðar:
Björn Ingi Jónsson, sveitarstjóri
Lovísa Rósa Bjarnadóttir
Ragnheiður Hrafnkelsdóttir
Ásgerður Gylfadóttir
Kristján Guðnason
Gunnhildur Imsland